

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2005 2005040298

Með bréfi dags. 25. apríl 2005 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál.

Þótt frumvarpið fjalli í sjálfu sér ekki um skattlagningu getur það snert ákveðna þætti í skattfrankvæmd og leyfir ríkisskattstjóri sér að vekja athygli á eftirfarandi atriðum.

All víða í skattalögunum er vísað til markaðsverðs eða gangsverðs einkum við útreikning á söluhagnaði og við mat á viðskiptum milli tengdra aðila. Tekur það m.a. til mats á hlutabréfum og öðrum verðbréfum með tilliti til markaðsverðs eða gangsverð þeirra. Má í því sambandi benda á 9. og 57. gr. laga nr. 90/2003 auk þess sem mat á verðbréfum getur reynt samkvæmt fjölmörgum öðrum greinum þeirra laga. Með tilkomu markaðstorga þar sem fram fara kerfisbundin viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði má ætla að forsendur til að meta verðgildi hlutabréfa og annarra verðbréfa með hliðsjón af markaðsverði eða gangverði muni batna. Ætti það að auðvelda úrslausn álitamála á þessum vettvangi.

Samkvæmt 92. gr. framangreindra laga um tekjuskatt hvílir sú skylda á þeim stofnunum sem frumvarpið tekur til að skila skattyfirvöldum upplýsingum um kaup og sölu, umboðsviðskipti eða aðra umsýslu með hlutabréf. Mun það að sjálfsögðu einnig taka til þeirra viðskipta sem framboð á markaðstorgi. Fastmótað skipulag viðskipta með óskráð verðbréf ætti að auðvelda þessum stofnunum skil á lögbundnum upplýsingum til skattyfirvalda og bæta áreiðanleika þeirra en verulega skortir nú á að upplýsingarmiðlun þessi sé í lagi og sterkar vísbendingar eru um að miklar tekjur séu ekki taldar fram og ekki er unnt að hafa eftirlit með því vegna skorts á upplýsingum þeirra sem selja eða hafa milligöngu um slíka sölu.

Virðingarfyllt

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri